

Fimmtudaginn 11. maí 2000.

Nr. 30/2000.

Hauður Helga Stefánsdóttir

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Nauðungarsala. Skaðabótamál.

Fulltrúi sýslumanns ákvað gegn andmælum H að fresta uppboði á sumarbústaðargrind, þar til leyst hefði verið úr beiðni BÍ um endurupp-töku máls um gildi fjárnáms, sem nauðungarsölubeiðni H var reist á. Beiðni BÍ um endurupp-töku málsins var hafnað og ákvað fulltrúinn þá að uppboðið skyldi fara fram. Þegar uppboð var haldið hafði bú gerð-arþolans hins vegar verið tekið til gjaldprotaskipta að kröfu sýslu-manns og rann söluverð þeirra muna, sem ráðstafað var við uppboðið, til þrotabúsins. H taldi ákvörðun fulltrúans um að fresta uppboðinu hafa verið ólögmeta og orðið til þess að hún fékk ekki í sinn hlut sölu-verð sumarbústaðargrindarinnar auk þess sem hún hefði orðið fyrir kostnaði vegna vörslusviptingar, geymslu og fleira. Talið var, að ekki hefðu verið skilyrði að lögum til að láta beiðnina um endurupp-töku verða til þess að uppboði yrði frestað. Hins vegar þótti ekkert liggja fyrir í málinu um hvaða tök fulltrúinn hefði haft á að gera sér grein fyrir vægi nýrra sönnunargagna, sem vísað var til í endurupp-töku-beiðninni, þegar hann tók ákvörðun um framgang uppboðsins. Þá var jafnframt litið til þess að krafa um gjaldprotaskipti hafði þegar verið lögð fyrir héraðsdóm þegar ákvörðunin var tekin, en vegna ákvæða 139. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. voru af þessum sökum ekki efni til að telja sennilegt að frestunin hefði horft sérstak-lega til tjóns fyrir H. Að öllu þessu virtu þótti ekki nægilega fram komið að skilyrði væru til að fella skaðabótaskyldu á íslenska ríkið vegna framangreindrar ákvörðunar sýslumannsfulltrúans. Var staðfest niður-staða héraðsdóms um að sýkna ríkið af kröfu H.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Mark-ús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 25. janúar 2000. Hún krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 664.479 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. febrúar 1999 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti án tillits til gjafsóknar, sem henni hefur verið veitt á báðum dómstigum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara að krafa áfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður þá látinn falla niður.

I.

Eins og greinir í héraðsdómi gerði sýslumaðurinn í Kópavogi fjárnám 30. september 1997 fyrir kröfu áfrýjanda á hendur Byggðalandi ehf., sem nam á þeim tíma 1.567.141 krónu. Fjárnám var gert í tveimur nánar tilteknum bifreiðum ásamt þremur sumarbústaðargrindum og gólfgrind, sem svo voru nefndar og sagðar vera að Ljósatröð í Hafnarfirði. Var þetta gert samkvæmt ábendingu lögmanns áfrýjanda, enda var ekki mætt við fjárnámið af hálfu gerðarþola. Með beiðni 8. október 1997 til sýslumannsins í Hafnarfirði leitaði áfrýjandi nauðungarsölu á umræddum sumarbústaðargrindum og gólfgrind. Lögmanni áfrýjanda var tilkynnt 20. sama mánaðar að þessir munir yrðu seldir við uppboð, sem haldið yrði að Skútahreuni 2a í Hafnarfirði 29. nóvember 1997, en um leið veitti sýslumaður áfrýjanda heimild til að taka vörslur þeirra.

Hinn 4. nóvember 1997 beindi Orico ehf. kröfu til Héraðsdóms Reykjaness um að fjárnám áfrýjanda yrði felld úr gildi að því er varðaði tvær af áðurnefndum sumarbústaðargrindum, sem félagið taldi tilheyra sér. Búnaðarbanki Íslands gerði 18. sama mánaðar kröfu sama efnis varðandi þriðju sumarbústaðargrindina. Af þessum sökum ákvað sýslumaðurinn í Hafnarfirði með vísan til 3. mgr. 54. gr. laga nr. 90/1989 um aðför að fresta fyrirhuguðu uppboði. Úrskurður gekk í héraði 27. nóvember 1997 í máli milli áfrýjanda og Búnaðarbanka Íslands, sem var rekið af framangreindu tilefni, og var þar tekin til greina krafa bankans um að fella fjárnám áfrýjanda að hluta úr gildi. Áfrýjandi kærði þann úrskurð 1. desember 1997 til Hæstaréttar, sem hafnaði kröfu um ógildingu fjárnámsins með dómi 11. sama mánaðar. Með bréfi til sýslumanns 9. janúar 1998 greindi lögmaður áfrýjanda frá því

að nokkuð gæti dregist að niðurstaða fengist í máli hennar og Orico ehf. um gildi fjárnámsins. Var þess því farið á leit að þeir munir, sem ágreiningur stæði ekki lengur um, yrðu seldir við uppboð, svo og að uppboð á gólfgrind og einni sumarbústaðargrind yrði haldið á nánar tilteknu geymslusvæði við Straumsvík, þar sem áfrýjandi hafi komið þeim fyrir í kjölfar vörslusviptingar. Við þessu varð sýslumaður 4. febrúar 1998 og tilkynnti þá um fyrirhugað uppboð á sumarbústaðargrind 20. sama mánaðar. Hinn 5. febrúar 1998 var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness úrskurður í máli Orico ehf. við áfrýjanda, þar sem krafa félagsins um ógildingu fjárnáms var tekin til greina. Með bréfi til Hæstaréttar 17. febrúar 1998 óskaði Búnaðarbanki Íslands eftir því að áður nefnt mál sitt og áfrýjanda yrði tekið upp á ný, þar sem lagt hafi verið fram í máli hennar og Orico ehf. skjal, sem bankanum hafi ekki áður verið kunnugt um og leitt gæti til annarrar niðurstöðu en fengin var í máli hans og áfrýjanda. Af þessu tilefni mótmælti bankinn því jafnframt við sýslumann að sumarbústaðargrindin, sem sá fyrrnefndi hafði talið til eignarréttar yfir, yrði seld á uppboði. Sýslumaður ákvað 20. febrúar 1998 gegn andmælum áfrýjanda að uppboðið næði ekki fram að ganga fyrir en útséð yrði um afdrif beiðni Búnaðarbanka Íslands um endurupptöku málsins.

Með dómi Hæstaréttar 5. mars 1998 var hrundið kröfu Orico ehf. um að fjárnám áfrýjanda í tveimur sumarbústaðargrindum yrði fellt úr gildi. Sama dag tilkynnti sýslumaður að allar sumarbústaðargrindurnar yrðu seldar 17. mars 1998 við uppboð, sem yrði haldið á áður nefndu geymslusvæði við Straumsvík. Hinn 11. sama mánaðar hafnaði Hæstiréttur beiðni Búnaðarbanka Íslands um endurupptöku máls hans og áfrýjanda. Þegar uppboð var síðan haldið á sumarbústaðargrindunum og gólfgrind 17. mars 1998 hafði bú gerðarþolans, Byggðalands ehf., verið tekið til gjaldþrotaskipta. Hafði það gerst 13. sama mánaðar samkvæmt kröfu sýslumannsins í Hafnarfirði 19. febrúar 1998, en hann taldi félagið standa í skuld að fjárhæð 8.405.452 krónur vegna ógreiddra opinberra gjalda. Krafan um gjaldþrotaskipti var studd við árangurslaust fjárnám, sem annar lánardrottinn hafði fengið gert hjá félaginu 16. febrúar 1998. Söluverð munanna, sem var ráðstafað við uppboðið 17. mars 1998, rann til þrotabús Byggðalands ehf., enda féll fjárnám áfrýjanda í þeim niður vegna ákvæðis 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Áfrýjandi telur fyrrnefnda ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 20. febrúar 1998 um að fresta uppboði á sumarbústaðargrindinni, sem hún hafði deilt um við Búnaðarbanka Íslands, hafa verið andstæða lögum. Sú ákvörðun hafi orðið til þess að hún hafi ekki fengið í sinn hlut söluverð þeirrar sumarbústaðargrindar, en það hafi numið 462.190 krónum að greiddum kostnaði af uppboði. Þá hafi hún af sömu ástæðum orðið að bera allan kostnað af vörsluviptingu munanna, geymslu þeirra og störfum lögmanns síns við að koma fram nauðungarsölu. Alls séu kröfuliðir áfrýjanda af þessum rótum 202.289 krónur og skaðabótakrafa hennar þannig samtals 664.479 krónur.

II.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði fór í senn með nauðungarsölu á fyrrnefndum eignum Byggðalands ehf. samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu og innheimtu opinberra gjalda félagsins sem innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi sínu, sbr. meðal annars 1. gr. laga nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, svo sem þeim lögum var breytt með 36. gr. laga nr. 15/1998. Samkvæmt því, sem liggur fyrir í málinu, hafði sýslumaður falið sama fulltrúa sínum að fara með báða þessa málaflokka. Var reyndin og sú í þessu tilviki, en fulltrúinn gerði meðal annars kröfu í nafni sýslumanns 19. febrúar 1998 um að bú Byggðalands ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Áfrýjandi hefur ekki borið fyrir sig að þessi sérstöku atvik geti þrátt fyrir ákvæði síðari málsliðar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1991 hafa leitt til annmarka á hæfi fulltrúans til að taka ákvörðun um beiðni Búnaðarbanka Íslands um frestun uppboðs 20. febrúar 1998, þannig að ógildingu þeirrar stjórnvaldsákvörðunar geti varðað. Af þeim sökum geta þessi atvik ekki komið til skoðunar við úrlausn málsins í öðru sambandi en við mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði sakarreglu fyrir skaðabótaskyldu stefnda vegna ákvörðunarinnar.

Eins og áður greinir var í Hæstarétti kveðinn upp dómur 11. desember 1997 í máli áfrýjanda og Búnaðarbanka Íslands, þar sem slegið var föstu að fjárnám hennar í eign Byggðalands ehf. væri gilt gagnvart bankanum. Með þessu var fengin um það álitafni bindandi úrlausn, sem beiðni Búnaðarbanka Íslands 17. febrúar 1998 um endurupptöku máls síns og áfrýjanda fékk ein og sér í engu haggað, sbr. 3. mgr. 168. gr. og 3. mgr. 169. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eins og

þeim var breytt með 21. gr. og 22. gr. laga nr. 38/1994. Voru því ekki skilyrði að lögum til að láta beiðnina um endurupptöku verða til þess að uppboði yrði frestað 20. febrúar 1998. Þegar tekin er afstaða til þess hvort mistök, sem fólust í ákvörðun fulltrúa sýslumanns um þetta efni, verði metin honum svo til sakar að skaðabótaskyldu varði fyrir stefnda verður hins vegar ekki horft fram hjá því að í skriflegri kröfu Búnaðarbanka Íslands um frestun uppboðsins var skírskotað til afrits af beiðni til Hæstaréttar um endurupptöku máls, þar sem fram kom að hún væri studd við nýtt sönnunargagn. Liggur ekkert fyrir í málinu um hvaða tók fulltrúinn gæti hafa haft á að gera sér grein fyrir vægi þessa gagns þegar hann tók ákvörðun um framgang uppboðs með mati á atvikum eftir ákvæðum 2. mgr. 22. gr., sbr. 2. mgr. 63. gr. laga nr. 90/1991. Þá verður jafnframt að líta til þess að krafa um gjaldþrotaskipti á búi Byggðalands ehf. hafði verið lögð fyrir Héraðsdóm Reykjaness þegar fulltrúi sýslumanns tók ákvörðunina, en af því markaðist hver frestdagur samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1991 yrði talinn vera ef krafan næði fram að ganga. Vegna ákvæða 139. gr. sömu laga voru af þessum sökum ekki efni til að telja sennilegt, þegar ákvörðun var tekin 20. febrúar 1998 um framgang uppboðsins, að horft gæti sérstaklega til tjóns fyrir áfrýjanda að því yrði frestað um skamman tíma til þess að ótvíræð niðurstaða fengist fyrir dómstólum um réttindi yfir þeim eignum, sem fjárnám áfrýjanda hafði verið gert í. Að öllu þessu virtu verður ekki fallist á að nægilega sé fram komið að skilyrði séu til að fella skaðabótaskyldu á stefnda vegna umræddrar ákvörðunar fulltrúa sýslumanns um frestun uppboðs. Samkvæmt því verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Rétt er að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti. Um gjafsóknarkostnað áfrýjanda hér fyrir dómi fer eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Hauðar Helgu Stefánsdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, 175.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 1999.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., er höfðað með stefnu út gefinni 25. febrúar sl. og birtri daginn eftir.

Stefnandi er Hauður Helga Stefánsdóttir, kt. 220855-3689, Klapparstíg 9, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 814.479 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá auk virðisaukaskatts. Þess er krafist að málskostnaður verði dæmdur stefnanda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að með beiðni til sýslumannsins í Hafnarfirði dagsettri 8. október 1997 krafðist stefnandi nauðungarsölu á þremur sumarbústaðargrindum og gólfgrind sem þá voru á athafnasvæði Byggðalands ehf. að Ljósu-tröð í Hafnarfirði. Beiðnin var reist á fjárnámi sem sýslumaðurinn í Kópavogi hafði gert 30. september sama ár hjá Byggðalandi ehf. Lögmanni stefnanda var tilkynnt með bréfi dagsettu 20. október sama ár að uppboðið færi fram 29. nóvember að Skútahrauni 2a, Hafnarfirði. Jafnframt var árituð heimild til gerðarbeiðanda að vörslusvipta uppboðsandlag fyrir tilgreindan uppboðsdag skv. 59. og 60. gr. laga nr. 90/1991. Var uppboðsandlagið að undangenginni vörslusviptingu síðan flutt að geymslusvæði við Straumsvík.

Eftir að nauðungarsölubeiðnin kom fram kom í ljós að Garðabæjarútibú Búnaðarbanka Íslands taldi sig réttmætan eiganda þess sumarhúss sem lengst var komið í smíðum og Orico ehf. taldi sig vera eiganda þeirra tveggja sumarhúsa sem skemmra voru á veg komin. Þessir aðilar settu fram kröfu 4. og 18. nóvember 1997 um að fjárnámið yrði fellt úr gildi. Var ákveðið að leiða fyrst ágreining um kröfu Búnaðarbankans til lykta en máli Orico ehf. yrði frestað á meðan. Með bréfi sýslumanns dagsettu 20. nóvember sama ár var tilkynnt að með vísan til 3. mgr. 54. gr. aðfararlaga stöðvaðist nauðungarsalan að því leyti sem ágreiningur stæði um fjárnámsgerðina. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness upp kveðnum 27. nóvember sama ár var krafa Búnaðarbankans tekin til greina að því er varðaði það sumarhús sem lengst var komið í smíðum. Með dómi Hæstaréttar Íslands upp kveðnum 11. desember sama ár var komist að gagnstæðri niðurstöðu og kröfu Búnaðarbankans um ógildingu fjárnámsins hafnað.

Með símbréfi, sem dagsett er 18. desember sama ár en talið sent 9. janúar 1998, fór lögmaður stefnanda fram á það við sýslumanninn í Hafnarfirði að

nauðungarsala færi fram á því sumarhúsi sem ágreiningur stefnanda og Búnaðarbankans hafði snúist um. Var óskað eftir að uppboðið færi fram á geymslsvæðinu í Straumsvík þar sem sumarbústaðargrindurnar voru á kostnað og ábyrgð stefnanda. Sýslumaður tilkynnti lögmanni stefnanda að uppboð færi fram á umbeðnum stað föstudaginn 20. febrúar 1998 kl. 14.00. Stefndi heldur því fram í greinargerð sinni að Lögmönnum Mörkinni 1 hafi verið send tilkynning um uppboð er fram skyldi fara 7. febrúar sama ár kl. 13.30 að Skútahrauni 2a, Hafnarfirði. Ekki verður séð af gögnum málsins að slík tilkynning hafi verið send. Á uppboðsdegi 20. febrúar mótmælti Búnaðarbankinn því að uppboðið færi fram á þeim grundvelli að bankinn hefði óskað eftir endurupptöku á máli hans og stefnanda með bréfi til Hæstaréttar. Tílefni þessa var úrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 5. febrúar sama ár þar sem krafa Orico ehf. um ógildingu fjárnámsins að því er varðaði hinar sumarbústaðargrindurnar var tekin til greina á grundvelli nýrra gagna sem ekki lágu fyrir í máli Búnaðarbankans. Eftirfarandi er m.a. bókað í gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði 20. febrúar sama ár: „Ekki er samkomulag um að fresta uppboðinu. Ekki er samkomulag um að uppboðið fari fram eftir uppboðsskilmálum um fasteignir, sbr. heimild í 2. mgr. 65. gr. 1. nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði tekur þá afstöðu, m.t.t. framkominna gagna og 2. mgr. 22. gr. og 63. gr. 1. nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að uppboðið nái ekki fram að ganga meðan óleyst er úr því hvort málið verði endurupptekið. Umboðsmaður gerðarbeiðanda lýsir því yfir að hann leiti úrlausnar héraðsdómara um þessa ákvörðun. Hann kveðst munu krefjast þess fyrir dómi að þessi ákvörðun verði felld úr gildi auk þess sem hann krefst málskostnaðar úr hendi Búnaðarbanka Íslands hf. Hann gerir auk þess kröfur um skaðabætur úr hendi Búnaðarbanka Íslands og sýslumanns í Hafnarfirði.“ Ekki er að sjá af gögnum málsins að stefnandi hafi haldið til streitu þeirri ætlan sinni að leita úrlausnar héraðsdómara.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 5. mars 1998 var kröfu Orico ehf. um ógildingu fjárnáms hafnað og með bréfi réttarins dagsettu 11. mars sama ár var endurupptökubeiðni Búnaðarbankans hafnað þar sem lagaskilyrði skorti til endurupptöku. Sýslumaður boðaði síðan til uppboðs er fram skyldi fara 17. mars 1998. Er stefnandi mætti á uppboðsstað var honum gerð grein fyrir því að bú gerðarþola, Byggðalands ehf., hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði upp kveðnum 13. sama mánaðar. Við uppboðið var mættur skiptastjóri þrotabúsins og fór uppboðið fram með samþykki hans og seldist bústaður sá sem lengst var kominn í smíðum á kr. 610.000 og að frádregnum sölulaunum, kostnaði og virðisaukaskatti rann úthlutunarandvirðið kr. 462.190 til skiptastjóra þrotabúsins. Aðdragandi gjaldþrotsins mun hafa verið með þeim hætti að 16. febrúar 1998 var gert árangurslaust fjárnám hjá Byggðalandi ehf. að kröfu Húsasmiðjunnar hf. og mun sýslumaðurinn í Hafnarfirði hafa fengið vitneskju um það daginn

eftir. Sýslumaður sendi Héraðsdómi Reykjaness kröfu um að bú Byggðalands ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta 19. febrúar sama ár vegna ógreiddra opinberra gjalda. Sýslumannsembættið hafði þá frá því í lok september 1997 ítrekað farið fram á við embætti sýslumannsins í Kópavogi að gert yrði fjárnám hjá fyrirtækinu vegna vangoldinna opinberra gjalda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna frestunar uppboðsins að fjárhæð kr. 462.190, en það er sú fjárhæð sem fékkst úthlutað úr söluandvirði umrædds bústaðar. Þá hafi hann orðið fyrir tjóni vegna útgjalda sem hann varð fyrir eftir frestun uppboðsins að fjárhæð kr. 352.289 og sundurliðar stefnandi kröfuna þannig að vörslusviptingar og geymslukostnaður er kr. 140.030, dæmdur málskostnaður vegna kröfu Orico ehf. kr. 150.000, þóknun lögmanns vegna aðstoðar við að knýja á um uppboð kr. 50.000 og virðisaukaskattur á lögmannspóknun kr. 12.250.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi segir skaðabótakröfu sína tvíþætta. Annars vegar sé um að ræða tjón vegna ákvörðunar um frestun uppboðs og hins vegar sé gerð krafa vegna útgjalda í tengslum við nauðungarsöluna.

Stefnandi byggir bótakröfu vegna ákvörðunar um frestun á því að fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði hafi þegar verið búinn að taka ákvörðun um að uppboð á því sumarhúsi sem lengst var komið í smíðum skyldi fara fram 20. febrúar 1998. Engin lagastoð hafi verið fyrir þeirri ákvörðun fulltrúans að fresta uppboðinu á uppboðsdegi. Réttur gerðarbeiðanda til nauðungarsölnunnar hafi verið ótvíræður og hafði Hæstiréttur staðfest gildi nauðungarsöluheimildarinnar. Eigi sýslumaður því ekkert val um það hvort hann telji nauðungarsöluheimildina gilda. Stefnandi vísar til 2. ml. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991 þar sem fram kemur að komi fram mótmæli gegn nauðungarsölu skuli sýslumaður í vafatilvikum hafna mótmælunum. Í tilviki stefnanda hafi ekki verið um minnsta vafa að ræða enda hafði Hæstiréttur þegar skorið úr ágreiningsefninu. Ofangreint ákvæði sé grundvöllur meginreglunnar í 86. gr. sömu laga um bótaskyldu gerðarbeiðanda komi í ljóst að skilyrði hafi skort til nauðungarsölu.

Stefnandi heldur því fram að annarleg og ólögmæt sjónarmið fulltrúa sýslumanns hafi ráðið ákvörðun hans um frestun uppboðsins 20. febrúar. Hann hafi sem innheimtumaður ríkissjóðs haft hagsmuni af því að draga uppboðið þar sem hann hafði sjálfur gert kröfu um gjaldþrotaskipti hjá gerðarþola í málinu. Fulltrúinn hafi vitað að fengi hann úrskurð um kröfu sína hefði það í för með sér að fjárnám stefnanda ónýttist og verðmæti hinnar fjárnumdu eignar myndi renna til þrotabúsins. Stefnandi bendir á að fulltrúinn hafi aldrei gert lögmanni stefnanda grein fyrir því að hann hefði til innheimtu kröfur opinbers réttar á hendur gerðarþola og að hann hygðist krefjast gjaldþrotaskipta á búi hans.

Stefnandi byggir kröfu vegna útgjalda á því að í ljósi hinna sérstöku aðstæðna hafi sú skylda hvílt á fulltrúa sýslumanns að tilkynna stefnanda um þá fyrirætlun sína að krefjast gjaldþrotaskipta á búi gerðarþolans. Fulltrúanum var fullkunnugt um að stefnandi stæði í kostnaðarsömum aðgerðum vegna nauðungarsölnunnar og að gjaldþrotaskiptabeiðni af hálfu fulltrúans myndi hafa þau áhrif að þeir hagsmunir sem stefnandi var að leitast við að verja rynnu til þrotabús gerðarþolans og stefnandi sæti uppi með útgjöld sín.

Stefnandi byggir dráttarvaxtakröfu á III. kafla vaxtalaga og málskostnaðarkröfu á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og gjafsóknarleyfi dóms og kirkjumálaráðuneytis dags. 10. júní s.l.

Stefndi byggir á því að samkvæmt 61. gr. laga nr. 90/1991 ákveði sýslumaður hvar og hvenær uppboð verði haldið. Sýslumaðurinn hafi ákveðið að fresta uppboði sem ákveðið var 29. nóvember 1997 enda höfðu tvö ágreiningsmál varðandi fjárnámsgerðina verið borin undir héraðsdómara. Sé ótvírætt að samkvæmt 3. mgr. 54. gr. laga nr. 90/1989 beri að stöðva nauðungarsölu í slíkum tilvikum.

Stefndi byggir á því að fyrirhuguðu uppboði 7. febrúar 1998 hafi verið frestað af ástæðum er vörðuðu stefnanda og sé dráttur sá er varð á sölu eignanna því hennar sök. Hafi verið gert ráð fyrir að uppboðið 7. febrúar færi fram að Skútahreini 2a í Hafnarfirði en stefnandi hafi kvartað undan því að of kostnaðarsamt yrði að flytja uppboðsandlögin á þann uppboðsstað og því farið þess á leit að uppboðið yrði haldið á geymslusvæðinu við Straumsvík.

Stefndi byggir á því að fulltrúi sýslumanns hafi réttilega frestað uppboðinu sem halda átti 20. febrúar 1998 enda hafði verið óskað eftir því við Hæstarétt að mál Búnaðarbanka Íslands yrði endurupptekið á grundvelli nýrra gagna. Frestákvörðun sýslumanns sé byggð á 22. gr. og 63. gr. laga nr. 90/1991, enda hafi ágreiningur ekki staðið um formsatriði heldur um eignarheimildir að umræddum sumarhúsum. Stefnandi hafi lýst því yfir að leitað yrði úrlausnar héraðsdómara um frestákvörðunina en þar sem stefnandi hélt því ekki til streitu telst ákvörðunin vera rétt. Sýslumaður hafi ekki getað gefið sér þá niðurstöðu fyrirfram að Hæstiréttur myndi hafna beiðni um endurupptöku. Sé því ekkert fram komið í málinu að ákvörðun sýslumanns hafi verið röng og því saknæm.

Stefndi bendir á að samkvæmt 10. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 fari sýslumenn hver í sínu umdæmi með stjórnarsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um. Í athugasemdum með 10. gr. laganna komi m.a. fram í 4. tl. að sýslumenn fari með innheimtu tekna ríkissjóðs og í 16. tl. komi fram að sýslumenn fari með nauðungarsölu eigna. Sé því um lögbundin störf að ræða.

Stefndi byggir á því að Byggðaland ehf. sé með skráð lögheimili í Hafnarfirði og því séu opinber gjöld til innheimtu hjá embætti sýslumannsins í Hafnarfirði. Sami fulltrúi sýslumanns og sá um nauðungarsölu þá er mál þetta snýst

um hafi sent sýslumanninum í Kópavogi a.m.k. þrjár aðfararbeiðnir og mætt vegna þeirra. Þessar beiðnir hafi verið afturkallaðar þar sem árangurslaust fjárnám var gert hjá Byggðalandi ehf. að kröfu Húsasmiðjunnar hf. Fulltrúinn hafi síðan sent Héraðsdómi Reykjaness beiðni um gjaldþrotaskipti á búi Byggðalands ehf. eins og honum var skylt samkvæmt starfsreglum sem fjármálaráðuneytið setti. Stefndi byggir á því að sýslumaður hafi ekki haft val um það hvort óskað var eftir gjaldþrotaskiptum eða ekki, honum hafi verið það skylt. Fulltrúanum hafi verið óheimilt að fresta því að biðja um gjaldþrotaskipti vegna vitneskju sinnar um að hann fór með uppboðsmál einkaréttarlegs eðlis. Hefði hann gert það þá gilda mismunandi reglur um innheimtu opinberra gjalda eftir því hvort kröfur einkaréttarlegs eðlis eru til meðferðar hjá sýslumannsembætti eða ekki. Þá byggir stefndi á því að hefði innheimtu verið frestað væri það brot á jafnræðisreglu stjórnarsýslunnar. Stefndi byggir á því að um eðlilegan innheimtuferil hafi verið að ræða í framhaldi af árangurslausri aðfarargerð. Þegar ákvörðun um frestun var tekin hafi ekkert legið fyrir um hvenær búi Byggðalands ehf. yrði tekið til úrskurðar enda ráði sýslumaður ekki málshraða hjá dómstólum.

Stefndi mótmælir fjárhæðum stefnukröfu í heild og einstökum liðum hennar. Það hafi alfarið verið ákvörðun stefnanda að flytja munina á geymslusvæðið í Straumsvík og þá hefði stefnandi getað látið selja munina á uppboði 7. febrúar 1998. Það hafi hann ekki gert og sé það á hans ábyrgð. Dæmdur málskostnaður í máli Orico sé ekki á ábyrgð stefndu né heldur greiðslur fyrir lögfræðilega aðstoð.

Stefndi bendir á að mál þetta varði gerðir sýslumanns vegna nauðungarsölu. Samkvæmt XV. kafla laga nr. 90/1991 gildir þriggja mánaða málshöfðunarfrestur frá því sá sem hefur orðið fyrir tjóni átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi. Sé mál of seint fram komið varði það frávísun ex officio.

Stefndi vísar um málskostnað til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi hreyfir þeirri málsástæðu að mál þetta kunni að sæta frávísun ex officio þar sem málshöfðunarfrestur samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 hafi verið liðinn er málið var höfðað. Í 86. gr. laganna er mælt fyrir um bótaskyldu gerðarbeiðanda vegna kröfu um nauðungarsölu eða framkvæmd hennar að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í máli þessu er kröfum ekki beint að gerðarbeiðanda, enda var stefnandi gerðarbeiðandi í umræddu nauðungarsölmáli. Þegar af þeirri ástæðu á málshöfðunarfrestur 88. gr. laga nr. 90/1991 ekki við í máli þessu og verður málinu því ekki vísað frá dómi.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 92/1989 fara sýslumenn, hver í sínu umdæmi, með stjórnarsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Meðal ann-

ars fara sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra með framkvæmd nauðungarsölu, sbr. 16. tl. athugasemda við áðurnefnda 10. gr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1991. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sömu laga fer um hæfi til að fara með framkvæmd nauðungarsölu eftir reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði eftir því sem átt getur við. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum með innheimtu kröfu sem leiðir til aðildar kröfueigandans að nauðungarsölunni. Sýslumenn fara einnig með innheimtu tekna ríkissjóðs, sbr. 4. tl. athugasemda við 10. gr. laga nr. 92/1989 og fylgja kröfum eftir með aðför ef því er að skipta.

Í máli því sem hér er til úrlausnar fór sami fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði með umrætt nauðungarsölumál, innheimtu opinberra gjalda á hendur gerðarþola í því máli og stóð að kröfu um gjaldþrotaskipti á hendur sama gerðarþola á grundvelli fjárnáms sem gert var að kröfu Húsasmiðjunnar hf. 16. febrúar 1998 og lauk án árangurs. Upplýst hefur verið í málinu að innheimtumönnum ríkissjóðs voru sett þau fyrirmæli að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi lögaðila að undangengnu árangurslausu fjárnámi, sbr. einnig 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Óumdeilt er að þessar aðgerðir fulltrúans voru innan þess ramma sem lög og reglur marka störfum sýslumanna. Stefnandi heldur því hins vegar fram að fulltrúinn hafi tekið ólögmæta ákvörðun um frestun uppboðs 20. febrúar með þeim afleiðingum að fjárnám stefnanda ónýttist og verðmæti hinnar fjárnumdu eignar rann til þrotabúsins. Hafi annarleg og ólögmæt sjónarmið fulltrúans ráðið ferðinni og hafi hann sem innheimtumaður ríkissjóðs haft hagsmuni af því að draga uppboðið.

Við fyrirtöku nauðungarsölumálsins 20. febrúar 1998 lá fyrir að Búnaðarbanki Íslands mótmælti fyrirhugaðri nauðungarsölu vegna ágreinings um eignaraðild. Umboðsmaður bankans lagði fram gögn er sýndu fram á að leitað hafði verið til Hæstaréttar Íslands með beiðni um endurupptöku máls þar sem hafnað var kröfu um ógildingu fjárnáms sem gert var í umræddri sumarbústaðargrind. Var vísað til þess að komið hefði fram nýtt sönnunargagn og hefði Héraðsdómur Reykjaness byggt á því í sambærilegu máli og tekið til greina kröfu um ógildingu fjárnáms. Við þessar aðstæður verður að telja að nægilega hafi verið sýnt fram á að óvíst væri um réttindi gerðarbeiðanda, stefnanda í máli þessu og var fulltrúa sýslumanns því rétt að fresta frekari framkvæmd nauðungarsölnnar með vísan til 2. mgr. 22. gr., sbr. 63. gr. laga nr. 90/1991.

Stefnandi byggir á því að fulltrúinn hafi aldrei skýrt sér frá því að hann hefði til innheimtu opinber gjöld á hendur gerðarþola og hygðist krefjast gjaldþrotaskipta á búi hans á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Ekki verður talið að laga-skylda hafi hvílt á embætti sýslumanns að upplýsa stefnanda um stöðu innheimtumála gerðarþola eða fyrirhugaðar aðgerðir af þeim sökum. Stefnandi

hefur sönnunarbyrðina fyrir því að annarleg og ólögmet sjónarmið hafi ráðið gerðum fulltrúa sýslumanns. Að mati dómsins verður ekki betur séð en fulltrúinn hafi farið í einu og öllu að lögum í störfum sínum og þar sem stefnanda hefur ekki tekist að sanna að hann hafi með störfum sínum haft hagsmuni ríkisvaldsins í fyrirrúmi með það fyrir augum að verðmæti hinnar fjárnumdu eignar rynni stefnanda úr greipum ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu samkvæmt a-lið 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991, sbr. gjafsóknarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis dagsett 10. júní sl. Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans stefnanda, Ragnars Halldórs Hall hrl., kr. 200.000. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Samkvæmt yfirliti lögmansins er útlagður kostnaður hans kr. 3.500.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hauðar Helgu Stefánsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans stefnanda, Ragnars Halldórs Hall hrl., kr. 200.000 að meðtöldum virðisaukaskatti.
